

AUGLÝSING

um ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 1/2023, sem komið var á fót með samningnum um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. auglýsingu nr. 2/2020, um breytingu á I. hluta I. viðauka við samninginn.

Ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 1/2023 frá 27. september 2023, sem komið var á fót með samningnum um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. auglýsingu nr. 2/2020, um breytingu á I. hluta I. viðauka þess samnings, sem Ísland, Liechtenstein og Noregur gerðu við Bretland þann 28. janúar 2020.

Ákvörðunin öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 27. september 2023 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 11. júní 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU NEFNDARINNAR SEM KOMIÐ
VAR Á FÓT MEÐ SAMNINGNUM UM AÐSKILNAÐ
NR. 1/2023****frá 27. september 2023****um breytingu á I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað**

SAMEIGINLEGA NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um aðskilnað,¹ einkum 3. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 66. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. samningsins um aðskilnað skal sameiginlega nefndin breyta I. hluta I. viðauka þannig að hann endurspegli sérhverja nýja ákvörðun eða tilmæli sem framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa („framkvæmdaráðið“) hefur samþykkt og sem tekin hafa verið upp í EES-samninginn og gilda samkvæmt honum.
- 2) Framkvæmdaráðið hefur samþykkt þrjár ákvarðanir sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og gilda samkvæmt honum en eru ekki taldar upp í I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað.
- 3) Því ætti að breyta I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

1. Eftirfarandi ákvarðanir bætast við í I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað:
 - a) Undir „Þverlæg málefni (H-röð)“:
 - Ákvörðun nr. H12 frá 19. október 2021 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 93, 28.2.2022, bls. 6)².
 - Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. H13 frá 30. mars 2022 um skipan og starfshætti endurskoðunarnefndar framkvæmdaráðs um samræmingu almanna-tryggingakerfa (Stjtið. ESB C 305, 10.8.2022, bls. 4)³.
 - b) Undir „Veikindi (S-röð)“:
 - Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. S11 frá 9. desember 2020 um tilhögun endurgreiðslu vegna framkvæmdar 35. og 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (Stjtið. ESB C 236, 18.6.2021, bls. 4)⁴.
2. Eftirfarandi ákvarðanir falla brott úr I. hluta I. viðauka við samninginn um aðskilnað:
 - a) Undir „Þverlæg málefni (H-röð)“:
 - Ákvörðun nr. H3 frá 15. október 2009 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 56)⁵.
 - Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. H4 frá 22. desember 2009 um skipan og starfshætti endurskoðunarnefndar framkvæmdaráðs um samræmingu almanna-tryggingakerfa (Stjtið. ESB C 107, 27.4.2010, bls. 3)⁶.
 - b) Undir „Veikindi (S-röð)“:

¹ Samningur um fyrirkomulag milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum og öðrum samningnum sem gilda milli Bretlands og EFTA-rikkanna innan EES í krafti aðildar Bretlands að Evrópusambandinu frá 28. janúar 2020.

² Tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2023 frá 28. apríl 2023.

³ Tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2023 frá 5. júlí 2023.

⁴ Tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2022 frá 10. júní 2022.

⁵ Felld brott úr EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2023 frá 28. apríl 2023.

⁶ Felld brott úr EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2023 frá 5. júlí 2023.

- Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. S9 frá 20. júní 2013 um tilhögun endurgreiðslu vegna framkvæmdar 35. og 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (Stjtið. ESB C 279, 27.9.2013, bls. 8)⁷.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt. Að því er varðar Liechtenstein skal ákvörðun þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir þann dag þegar ríkið tilkynnir vörsluaðila að innlendum skilyrðum þess hafi verið fullnægt.

Texta þessarar ákvörðunar skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

Gjört í Brussel 27. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu nefndarinnar

formaður

Jiří Kláška

sérhæfður skrifstofustjóri, ráðuneyti atvinnumála og félagslegrar inngildingar í Noregi

⁷ Felld brott úr EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2022 frá 10. júní 2022.

**DECISION NO 1/2023 OF THE JOINT COMMITTEE ESTABLISHED
BY THE SEPARATION AGREEMENT
OF 27 SEPTEMBER 2023**

AMENDING PART I OF ANNEX I TO THE SEPARATION AGREEMENT

THE JOINT COMMITTEE,

Having regard to the Separation Agreement¹, and in particular Articles 34(3) and 66(1) thereof,

Whereas:

- (1) Pursuant to Article 34(3) of the Separation Agreement, the Joint Committee shall amend Part I of Annex I to reflect any new Decision or Recommendation which has been adopted by the Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems ("Administrative Commission") and which has been incorporated into and is in force under the EEA Agreement.
- (2) The Administrative Commission has adopted three Decisions which have been incorporated into and are in force under the EEA Agreement, and which are not listed in Part I of Annex I to the Separation Agreement.
- (3) Part I of Annex I to the Separation Agreement should therefore be amended accordingly.

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

1. The following Decisions are added in Part I of Annex I to the Separation Agreement:
 - a) Under Horizontal issues (H series):
 - Decision No H12 of 19 October 2021 concerning the date to be taken into consideration for determining the rates of conversion referred to in Article 90 of Regulation (EC) No 987/2009 of the European Parliament and of the Council (OJ C 93, 28.2.2022, p. 6)².
 - Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems Decision No H13 of 30 March 2022 concerning the composition and working methods of the Audit Board of the Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems (OJ C 305, 10.8.2022, p. 4)³.
 - b) Under Sickness (S series):
 - Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems Decision No S11 of 9 December 2020 concerning refund procedures for the implementation of Articles 35 and 41 of Regulation (EC) No 883/2004 (OJ C 236, 18.6.2021, p. 4)⁴.
2. The following decisions are deleted from Part I of Annex I to the Separation Agreement:
 - a) Under Horizontal issues (H series):
 - Decision No H3 of 15 October 2009 concerning the date to be taken into consideration for determining the rates of conversion referred to in Article 90 of Regulation (EC) No 987/2009 of the European Parliament and of the Council (OJ C 106, 24.4.2010, p. 56)⁵.
 - Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems Decision No H4 of 22 December 2009 concerning the composition and working methods of the Audit Board of the Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems (OJ C 107, 27.4.2010, p. 3)⁶.
 - b) Under Sickness (S series):

¹ Agreement on arrangements between Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland following the withdrawal of the United Kingdom from the European Union, the EEA Agreement and other agreements applicable between the United Kingdom and the EEA EFTA States by virtue of the United Kingdom's membership of the European Union of 28 January 2020.

² Incorporated into the EEA Agreement by Decision of the EEA Joint Committee No 97/2023 of 28 April 2023.

³ Incorporated into the EEA Agreement by Decision of the EEA Joint Committee No 181/2023 of 5 July 2023.

⁴ Incorporated into the EEA Agreement by Decision of the EEA Joint Committee No 180/2022 of 10 June 2022.

⁵ Repealed under the EEA Agreement by Decision of the EEA Joint Committee No 97/2023 of 28 April 2023.

⁶ Repealed under the EEA Agreement by Decision of the EEA Joint Committee No 181/2023 of 5 July 2023.

- Administrative Commission for the Coordination of Social Security Systems Decision S9 of 20 June 2013 concerning refund procedures for the implementation of Articles 35 and 41 of Regulation (EC) No 883/2004 (OJ C 279, 27.9.2013, p. 8)⁷.

Article 2

This Decision shall enter into force on the day of its adoption. In relation to Liechtenstein, this Decision shall enter into force on the first day of the second month following its notification to the Depository that its domestic legal requirements have been fulfilled.

The text of this Decision shall be deposited with the Depository.

Done at Brussels, 27 September 2023.

For the Joint Committee

The Chair

Jiří Kláška

Specialist Director, Norwegian Ministry of Labour and Social Inclusion

C-deild – Útgáfudagur: 23. júní 2026

⁷ Repealed under the EEA Agreement by Decision of the EEA Joint Committee No 180/2022 of 10 June 2022. Nr. 2026